



**15. fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands fimmtudaginn 27. maí 2021 kl. 12 í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162 í Reykjavík.**

Fundinn sátu Anna Agnarsdóttir formaður, Guðmundur Jónsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Gunnar Örn Hannesson og Svanhildur Bogadóttir. Gunnar Gíslason mætti ekki. Enn fremur sátu fundinn Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður, Anna Elínborg Gunnarsdóttir sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs og Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs Þjóðskjalasafns sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Yfirlit yfir starfsemi Þjóðskjalasafns
2. Ársreikningur og ársskýrsla 2020
3. Staða rekstraráætlunar 2021
4. Græn skref – Umhverfissvottun ISO 14001
5. Viðbragðs- og öryggisáætlanir
6. Samstarf við Reykjanesbæ
7. Reglusetning Þjóðskjalasafns Íslands
8. Rekstrarframlög og verkefnastyrkir til héraðsskjalasafna
9. „Biblíubrésið“ – þjónustufrímerki

Anna Agnarsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til boðaðrar dagskrár.

**1. Yfirlit yfir starfsemi Þjóðskjalasafns.**

Þjóðskjalavörður fór yfir nokkra þætti í starfsemi Þjóðskjalasafns frá síðasta fundi. Samkomutakmarkanir vegna útbreiðslu covid-19 hafa sett mark sitt á starfsemi Þjóðskjalasafns eins og aðra þætti í þjóðfélaginu. Neyðarstjórn og viðbragðsteymi stofnunarinnar hafa haldið alls 30 fundi til að endurstilla viðbrögð og aðgerðir allt eftir því sem reglugerðir hafa breyst. Í heild má segja að ótrúlega vel hafi gengið að halda úti fullri þjónustu, þótt lokað hafi verið á lestrarsal í nokkrar vikur. Viðburðum hefur fækkað og verið haldnir á netinu eftir því sem hægt hefur verið.

Húsnæðismál Þjóðskjalasafns hafa verið í brennidepli. Gengið var til samninga um leigu á fjargeymslu á Höfðabakka 7 til fimm ára og þangað verða flutt skjalasöfn á brettum sem verið hafa í ófullnægjandi varðveisluaðstæðum um áratugaskeið. Einnig stendur yfir vinna við þarfagreiningu fyrir nýtt varanlegt varðveisluhús og endurskoðun á höfuðstöðvum safnsins til næstu 30 ára.

Vinna við greiningu á rafrænum innviðum safnsins hafa einnig staðið yfir síðastliðið ár, sem bæði snertir á öllum innri kerfum Þjóðskjalasafns sem og á samskiptum við afhendingarskylda aðila, skönnun og annað sem lýtur að stafrænum veruleika samtímans. Skýrslu hefur verið skilað í fjármálaráðuneytið og er verið að skoða þessi mál.



Þjóðskjalasafn vinnur nokkur verkefni í samstarfi við aðrar stofnanir og aðila. Um áramótin tók safnið þátt í umfangsmiklu starfi fleiri stofnana við neyðaraðstoð eftir skriðuföll á Seyðisfirði.

Unnið var eftir nýjum samstarfssamningi við Háskóla Íslands um diplómanám í skjalfraði. Námsleiðin hófst síðastliðið haust og hefur gengið framar vonum. Um 30 nemar skráðu sig í námsleiðina auk þess sem fleiri hafa sótt námskeiðin úr öðrum greinum.

Þjóðlenduverkefnið er enn í fullum gangi í samstarfi við óbyggðanefnd og er áætlað að svo verði í að minnsta kosti fimm ár til viðbótar.

Nýlega hófst samstarf við Þjóðskrá Íslands um uppskriftir og birtingu landamerkjabréfa fyrir allt landið og er það hluti af því fastsetja eignarmörk alls lands á Íslandi.

Hollvinasamtök Þjóðskjalasafns voru langt komin í undirbúningi á síðasta ári þegar kófið skall á. Hjörleifur Guttormsson fer fyrir hópi fólks sem hefur áhuga á að styðja við Þjóðskjalasafn og er stefnt að því að halda formlegan stofnfund 26. ágúst næstkomandi.

Á næsta ári verður Þjóðskjalasafn 140 ára, en 3. apríl 1882 var gefin út auglýsing um Landsskjalasafn. Þjóðskjalasafn miðar stofndag sinn við þann dag. Af þessu tilefni hefur safnið ákveðið að gefa út nokkur rit um starfsemi Þjóðskjalasafns og mun fyrsta bindið koma út á afmælisárinu. Það er greinasafn um stjórnsýsluhlutverk Þjóðskjalasafns, um allt það sem snertir tilurð skjalasafna áður en þau koma til afhendingar á safnið. Næsta bók mun fjalla um hlutverk Þjóðskjalasafns sem safns og menningarstofnunar. Þriðja og fjórða bindið verða um safnkostinn, annars vegar opinberu skjalasöfnin og hins vegar einkaskjalasöfnin. Þjóðskjalavörður varpaði þeirri spurningu til stjórnarnefndarmanna hvernig væri hægt að minnast afmælisársins með fjölbreyttum hætti á árinu.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Guðmundur Jónsson, Gunnar Örn Hannesson, Svanhildur Bogadóttir, Njörður Sigurðsson og Jóhanna Gunnlaugsdóttir.

## 2. Ársreikningur og ársskýrsla 2020.

Anna Elínborg Gunnarsdóttir, sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs, gerði grein fyrir helstu niðurstöðum ársreiknings 2020. Fjársýsla ríkisins hefur ekki skilað ársreikningi Þjóðskjalasafns Íslands fyrir árið 2020. Samkvæmt drögum að ársreikningi var afkoma Þjóðskjalasafns í heild neikvæð um 14,8 m.kr. á árinu 2020. Rekstrargjöld ársins námu 525,1 m.kr. og afskriftir kr. 11,2 m.kr. Þar af voru tilfærslur, þ.e. greiðslur til héraðsskjalasafna, 30,3 m.kr. Tekjur vegna seldrar þjónustu námu 65,3 m.kr., tekjufært framlag úr ríkissjóði til héraðsskjalasafna 31,5 m.kr., styrkur vegna fjárfestingaráttaks 2020 10,0 m.kr., styrkur vegna útgáfu bóka 19,5 m.kr. og aðrir styrkir 17,8 m.kr. Neikvæð afkoma í árslok er vegna endurbóta á lestrarsal og framkvæmda á lóð við Ásholt 2. En árið 2019 var jákvæð afkoma í árslok þar sem hvorki náðist að hefja endurbætur á lestrarsal eða lóð, sem áformað var það ár og voru fjárheimildir fluttar milli ára.



Ársskýrsla 2020 er í umbroti og fer í prentun á næstu dögum. Skýrslan verður send til stjórnarnefndarmanna. Í henni er eins og undanfarin ár getið helstu verkefna síðastliðins árs.

Til máls tóku Anna Elínborg Gunnarsdóttir, Gunnar Örn Hannesson og Anna Agnarsdóttir.

### **3. Staða rekstraráætlunar 2021.**

Anna Elínborg Gunnarsdóttir, sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs, fór yfir stöðu rekstraráætlunar árið 2021. Samkvæmt bókhaldi Þjóðskjalasafns Íslands er afkoma fyrstu fjóra mánuði ársins jákvæð um 1,5 m.kr. Launakostnaður er 69% af rekstrargjöldum og 3,4% yfir áætlun. Ófyrirséður kostnaður vegna húsnæðismála, endurnýjunar á brunakerfi, úttektar og innleiðingar á öryggismálum og flutningur forvörslu.

Til máls tóku Anna Elínborg Gunnarsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Guðmundur Jónsson og Hrefna Róbertsdóttir.

### **4. Græn skref - Umhverfissvottun ISO 14001.**

Anna Elínborg Gunnarsdóttir, sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs, sagði frá grænum skrefum og umhverfissvottun ISO 14001 sem Þjóðskjalasafn hefur fengið. Þjóðskjalasafn hefur hlotið viðurkenningu fyrir fimmta græna skrefið og vinna við að uppfylla skilyrði vottaðs umhverfisstjórnunarkerfis í samræmi við ISO 14001 umhverfisstjórnunarstaðalinn er langt komin. Fyrsta stigs úttekt á umhverfisstjórnunarkerfi Þjóðskjalasafns, var framkvæmd af BSI á Íslandi 20. maí sl. Engin frávik komu fram í úttektinni, en þrjár athugasemdir. Annars stigs úttekt verður framkvæmd 24. júní nk. Þjóðskjalasafn verður því fyrsta stofnun mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að hljóta umhverfissvottun. Árangur hefur náðst í umhverfismálum og má þar nefna að endurvinnsluhlutfall hækkaði úr 67% árið 2019 í 89% árið 2020. 39% starfsmanna hafa skrifað undir samgöngusamning og nýta þeir sér vistvænar samgöngur. Fræðsla hefur verið aukin til starfsmanna. Búið er að kolefnisjafna reksturinn árið 2020. Keyptar voru vottaðar einingar af Kolvið, 114 tré gróðursett.

Til máls tóku Anna Elínborg Gunnarsdóttir, Anna Agnarsdóttir og Hrefna Róbertsdóttir.

### **5. Viðbragðs- og öryggisáætlanir.**

Anna Elínborg Gunnarsdóttir, sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs, sagði frá vinnu við gerð viðbragðs- og öryggisáætlana í Þjóðskjalasafni. Á árinu 2020 var hafin vinna við úttekt á öryggismálum stofnunarinnar, bæði rekstraröryggi sem og öryggi starfsmanna, viðskiptavina og safnkosts. Í mars 2020 var gerð öryggis- og heilbrigðisáætlun og í maí sama ár var gerð úttekt á öryggismálum. Í framhaldi af þeirri úttekt var í lok árs 2020 uppfært brunaviðvörðunarkerfi Þjóðskjalasafns. Undanfarnar vikur hefur verið unnið að gerð viðbragðs- og rýmingaráætlunar, viðbrögð við hættuástandi og heimaáætlun, öryggi fólks, verðmætabjörgun, aðkomu og aðgengi.

Til máls tóku Anna Elínborg Gunnarsdóttir, Hrefna Róbertsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Guðmundur Jónsson og Gunnar Örn Hannesson.



## 6. Samstarf við Reykjanesbæ.

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs, gerði grein fyrir samræðum sem hafa átt sér stað á milli Þjóðskjalasafns og Reykjanesbæjar um möguleg störf við innslátt og skönnun heimilda fyrir atvinnuleitendur. Upphaf málsins má rekja til þess að Þjóðskjalasafn bar hugmynd um átaksstörf fyrir atvinnuleitendur undir forráðamenn Reykjanesbæjar haustið 2020. Síðustu vikur hafa farið fram viðræður við Reykjanesbæ um möguleg störf og fyrirkomulag þeirra. Tilboð Þjóðskjalasafns var að leggja til verkefni, hugbúnað við innslátt og verkstjórnarvinnu ásamt tækjabúnaði fyrir skönnun þegar að því kæmi. Framlag Reykjanesbæjar væri að leggja til húsnæði, borð, stóla og tölvur. Á fundi í síðustu viku kom hins vegar í ljós að ekki næðist samkomulag á þessum forsendum. Þjóðskjalasafn hefur ákveðið að halda áfram að þróa hugmyndina með það í huga að auðvelt verði að setja upp starfsstöðvar á landsbyggðinni fyrir innsláttarverkefni og skönnun, m.a. með því að ræða við Byggdastofnun og kynna fyrir þeim hugmyndir að verkefnum sem hægt væri að innleiða, t.d. inn í verkefnið Brothættar byggðir.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Anna Agnarsdóttir, Guðmundur Jónsson og Hrefna Róbertsdóttir.

## 7. Reglusetning Þjóðskjalasafns Íslands.

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs, gerði grein fyrir stöðu á reglusetningu um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila. Á síðasta ári voru settar tvær reglur sem birtar voru í Stjórnartíðindum. Í lok desember á síðasta ári voru drög að reglum um eyðingu námsmatsgagna sendar til mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er enn beðið þess að ráðherra staðfesti reglurnar. Unnið er að reglum um eyðingu fjárhagsbókhalds, varðveislu- og eyðingu gagna í Mentor, um skjalageymslur, vörsluútgáfur rafrænna gagna og varðveislu og eyðingu starfsúmsókna og eru þær komnar mislangt á veg.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Guðmundur Jónsson, Hrefna Róbertsdóttir, Anna Agnarsdóttir og Svanhildur Bogadóttir.

## 8. Rekstrarframlög og verkefnastyrkir til héraðsskjalasafna.

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs, gerði grein fyrir styrkjum og framlögum til héraðsskjalasafna. Styrkir til héraðsskjalasafna eru annars vegar rekstrarstyrkir sem úthlutað til allra héraðsskjalasafna eftir fjölda stöðugilda á söfnum og fjölda íbúa í þeirra umdæmi. Hins vegar eru verkefnastyrkir til skönnunar og miðlunar heimilda sem er úthlutað á grundvelli umsókna. Á fjárlögum ársins 2021 eru til úthlutunar samtals 31,5 m.kr., þar af eru 15,2 m.kr. í rekstrarstyrk og 16,3 m.kr. í verkefnastyrki. Rekstrarstyrkir dreifast á öll héraðsskjalasöfnin og er hæsti styrkurinn á árinu kr. 1.786.000 og sá lægsti kr. 342.000. Auglýst var eftir umsóknum um verkefnastyrki meðal héraðsskjalasafna 9. febrúar 2021 með umsóknarfresti til og með 5. mars. Alls bárust 29 umsóknir frá 12 héraðsskjalasöfnum að upphæð 48.807.710 kr. en til úthlutunar voru 16.300.000 kr. Úthlutunarnefnd sem í sátu Unnar Ingvarsson, fagstjóri miðlunar, Helga Hlín Bjarnadóttir skjalavörður á Þjóðskjalasafni og Magnús Karel Hannesson, fyrrum sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, mat umsóknir og gerði tillögur til þjóðskjalavarðar. Tillögur



nefndarinnar voru samþykktar í framkvæmdastjórn safnsins 23. mars sl. og var ákveðið að úthluta styrkjum til 19 verkefna. Þjóðskjalavörður gerði jafnframt grein fyrir því að óskað hefði verið eftir að mennta- og menningarmálaráðuneytið tæki yfir úthlutun styrkja til héraðsskjalasafna.

Til máls tók Njörður Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir, Guðmundur Jónsson og Svanhildur Bogadóttir.

### 9. „Biblíubrésið“ - þjónustufrímerki.

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs, gerði grein fyrir athugun Þjóðskjalasafns Íslands á uppruna hins svokallaða „Biblíubrési“ sem er blað með 23 þjónustufrímerkjum frá Íslandi. Brésið var selt árið 1973 fyrir háa upphæð og hefur síðan gengið kaupum og sölum og þykir vera eitt verðmætasta frímerkta skjal í heimi. Í kjölfar sýningar á myndinni athuguðu sérfræðingar Þjóðskjalasafns Íslands málið, en lengi hafa verið uppi grunsemdir um að brésið kunni að eiga uppruna sinn í skjalasafni sýslumannsins í Árnassýslu sem er varðveitt í Þjóðskjalasafni. Það er mat Þjóðskjalasafns að yfirgnæfandi líkur séu á að „Biblíubrésið“ svokallaða sé hluti af brési sem landfógeti sendi sýslumanninum í Árnassýslu 30. september 1874. Bréfshlutinn með utanáskrift og frímerkjum hefur verið skorinn eða klipptur frá bréfinu. Álíta verður að bréfshlutinn hafi verið fjarlægður úr skjalasafni sýslumannsins í Árnassýslu, líklega eftir að skjölin voru komin í varðveislu til Þjóðskjalasafns eða, sem er ólíklegra, áður en skjölin voru afhent safninu fyrir árið 1910. Þjóðskjalasafn hefur vakið athygli mennta- og menningarmálaráðherra á málinu og að „Biblíubrésið“ svokallaða sé í raun eign íslenska ríkisins en það var á sínum tíma fjarlægt úr skjalasafni sýslumannsins í Árnassýslu. Safnið hefur bent ráðherra á að í 6. og 7. tölul. 14. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn kemur fram að „[h]ver sá sem hefur í vörslum sínum skjöl úr skjalasafni stjórnvalds eða lögaðila sem falla undir 1., 2. eða 5. mgr., án þess að eiga löglegt tilkall til þeirra, skal afhenda þau opinberu skjalasafni í samræmi við þá verkaskiptingu opinberra skjalasafna sem fram kemur í 4. mgr.“ og að „[t]ilkall opinbers skjalasafns til afhendingar afhendingarskyldra skjala fellur ekki niður fyrir tómlæti eða hefð“.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Anna Agnarsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hrefna Róbertsdóttir og Svanhildur Bogadóttir.

Í lok fundar skoðuðu fundarmenn endurbættan lestrarsal og aðstöðu fyrir viðgerðarstofu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:28.

Anna Agnarsdóttir (sign)

Guðmundur Jónsson (sign)

Gunnar Örn Hannesson (sign)

Jóhanna Gunnlaugsdóttir (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)